

Stjórnarfundur 8. október 2022

Íþróttahúsið Digranesi

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson
- Hálfván Ragnar Guðmundsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Á fundinum sem haldinn var þann 8. október var sníð fundarins aðeins öðruvísi en venjulega þar sem framkvæmdirnar í félagsaðstöðunni okkar var eitt aðal umræðuefnið á fundinum. Fær það þess vegna sinn eigin lið á dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. Heimsókn fulltrúa Skotsambands Noregs
2. Framkvæmdir í félagsaðstöðu
3. Opnun félags í endurbættri aðstöðu
4. Fastir liðir
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
5. Önnur mál

1. Heimsókn fulltrúa skotsambands Noregs

Þann 5. nóvember næstkomandi stefnum við á að halda með fulltrúum frá Skotsambandi Noregs vinnustofu tengdri þróun skotíþróttafélaga (club development).

Við erum enn að bíða eftir upplýsingum um hversu langan tíma þau reikna með að þetta taki en það mun byrja með kynningu á skotíþróttasambandi Noregs og klúbbana þeirra, þeirra verkefni og hvernig þau vinna. Svo verður farið yfir stöðu félaganna okkar og hvert við stefnum og hvernig við komumst þangað.

Þetta er verkefni sem við erum að vinna fyrir hag allra félaganna okkar og munu öll skotíþróttafélög landsins fá boð á þessa vinnustofu um leið og við erum komin með allar þær upplýsingar sem við þurfum.

Einnig ætlum við í Skotíþróttafélagi Kópavogs að reyna að læra allt sem við getum frá þeim um hvernig lið eiga að æfa saman og hvernig við getum komið upp liðsæfingum í öllum helstu greinum félagsins.

2. Framkvæmdir í félagsaðstöðu

Ýmislegt er í gangi í framkvæmdunum í aðstöðunni okkar, en þrátt fyrir að það líti allt alveg rosalega vel út og aðstaðan okkar er mun flottari og betri en hún var fyrir framkvæmdirnar þá eru nokkur atriði sem við erum enn að vinna í. Eftirfarandi mál eru öll í vinnslu:

1. Við stefnum á að setja upp gler skilrúm í anddyri sem félagsmenn okkar komast í gegn um með flögu í félagsskírteini þeirra. Tilgangur þessa er að auka öryggi allra á staðnum með því að láta þá gesti sem eru að koma á æfingar hringja bjöllu sem gerir skotstjóra eða skotstjórum viðvart að það sé kominn gestur svo hægt sé að taka almennilega á móti þeim. Áætlaður kostnaður við þetta er allt að 600.000 kr.
2. Við munum þurfa að bera kostnað af því að gera upp kaffistofu aðstöðuna okkar og dómaraherbergið sjálf og erum að bíða eftir tillögu frá innanhússarkítekt um hvernig við eigum að haga því. Stjórn félagsins telur það mikilvægt að gera þetta almennilega strax svo þessi aðstaða sé í takt við restina af félaginu eftir úrbætur.
3. Loftljós fremst í púðursal eru varin með stálplötu en við myndum vilja fjölga þeim þannig að ljósin séu varin alveg að 25 metra skotlínu.
4. Lýsingin fremst í púðursal er ekki í alveg réttri stefnu og lýsa bara ofan á riffil skotmörkin.
5. Frárennslið úr niðurfalli við anddyri félagsins er enn líklegt til þess að stíflast ef það er mikil úrkoma
6. Þröskuldur í anddyri félagsins er ekki alveg í takt við hjólastóla aðgengi sem komið er upp fyrir utan félagsaðstöðuna okkar.
7. Stefnt er á að loftræstingin verði tilbúin úti í Þýskalandi 20. Október næstkomandi. Við reiknum alveg með að það taki svo allt að mánuð að ferja hana til landsins og klára að setja hana upp.
8. Vinna við að smíða nýja gildru í púðursal fer af stað í komandi viku og mun gildran vera komin upp áður en loftræstingin verður uppsett.
9. Gljástig á gólfi í púðursal er ekki rétt en eitthvað fór úrskeiðis við pöntun eða afgreiðslu á málningu sem skilaði sér í röngu gljástigi.

3. Opnun félags í endurbættri aðstöðu

Við stefnum á að halda auka aðalfund þegar við getum loksins opnað félagsaðstöðuna okkar aftur og í beinu framhaldi af því að bjóða þeim sem hafa komið að framkvæmdunum okkar og þeim sem hafa verið að nýta salinn okkar til æfinga að koma og skoða aðstöðuna.

Við höfum einnig sett mann í málið að skipuleggja einhvern viðburð sem verður svo opinn öllum.

4. Fastir Liðir

- a) Engar óskir eru virkar um D-Leyfi.
- b) Engin mál félagsmanna liggja fyrir hjá STÍ.

5. Önnur mál

Umræða kom upp á fundinum um að halda einhverskonar uppskeruhátíð fyrir félagsmenn okkar og fannst stjórn tilvalið að sjá hvort áhugi sé fyrir því að haldið verði Þorablót í febrúar á næsta ári.

Stjórn var svo sammála um það að þar sem það er mikið í gangi í framkvæmdunum hjá okkur að hittast aftur eftir 2 vikur. Ritari mun senda fundarboð í vikunni fyrir næsta fund.